

HELGA JÓNSDÓTTIR

Lifandi veggir og mannabústaðir undir yfirborði jarðar

Af ókennilegum rýmum og innilokuðum
konum í verkum eftir Kristínu Eiríksdóttur

„Þegar ég skrifaði bókina hugsaði ég að Kata væri einangruð og týnd og hún ætti heima í annarri vídd og hún væri föst inni í þessari íbúð.“¹

Svona lýsir Kristín Eiríksdóttir aðstæðum söguhetjunnar sem hún skapaði í ljóðabókinni *Kjötbanum* (2004). Verkið er ljóðsaga sem hverfist um Kötú og sögu-sviðið er að mestu bundið við íbúðina sem Kristín nefnir; blokkaríbúð á efstu hæð þar sem Kata býr ásamt kærasta sínum, Kalvin. Heimilið er ógnvekjandi staður og eins og dregið verður fram í þessari grein er það vettvangur ofbeldis sem Kalvin beitir Kötú. Einkenni hrollvekjunnar setja svip sinn á *Kjötbeinn*,² andrúmsloftið er drungalegt, innfyli, vopn og dauði eru áberandi og líkingamálið er myrkt. Óhugnaðinum er jafnframt miðlað með surrealískum senum en sem dæmi lifna veggirnir við, hræðilegar verur skjóta upp kollinum og í lok bókar heimsækir Kata hús byggt úr kjöti og beinum og sogast þar ofan í ormagöng.

Kjötbeinn er fyrsta bókinn sem Kristín sendi frá sér og í henni má sjá ýmsa þræði sem skáldkonan átti eftir að vinna með áfram. Ógn, ótti og ofbeldi eru gegnumgangandi þemu í frásögnum hennar og þar birtist líka fjöldi einkennilegra hóbýla sem reynast íbúunum óþægilegir staðir. Í *Kjötbanum* blandar höfundur saman prósa og ljóði en flæðandi form er stíleinkenni sem fylgt hefur Kristínu.³ Hún

¹ Haukur Ingvarsson, „Ég hef þörf fyrir að jagast í raunveruleikanum... Stefnuþót við Kristínu Eiríksdóttur“, *Tímarit Máls og menningar* 72: 2/2011, bls. 92–106, hér bls. 97.

² Kristín Eiríksdóttir er í hópi íslenskra rithöfunda sem í upphafi þessarar aldar fóru að skrifa í meira mæli um hrylling. Auk hennar má meðal annars nefna Guðrúnu Evu Mínervudóttur, Jökul Valsson og Steinar Braga Guðmundsson.

³ Umfjöllun um verk Kristínar sýnir til að mynda hvernig erfitt getur reynst að henda



Ritið
3. tbl. 24. árg. 2024 (239-266)
Ritrynd grein

© 2024 Ritið, úmarit Hugvísindastofnunar
og höfundar greinarinnar

Útgefandi:
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.
Tengiliður: ritid@hi.is

DOI: 10.33112/ritid.24.3.12
Birt samkvæmt skilmálum
Creative Commons BY (4.0).

er myndlistarmenntuð og myndmálið markar frásögnina í verkum hennar hvort sem um ræðir ljóð eða prósa en hún segir sjálf: „orð eru teikningar; þau eru línur á pappír og hver lesandi býr sér til úr þeim sína mynd í höfðinu“. ⁴ Í *Kjötþænum* fléttar hún myndlistinni inn í textann með teikningum af heimili Kötú. Myndirnar eru í samræðu við textann og mikilvægur þáttur í merkingarsköpuninni, auk þess sem þær ýfa upp óhugnaðinn með því að miðla eymdinni á heimilinu. Eins renna ljóðræna og frásögn saman í bókinni en Kristín hefur stungið upp á því að nota skandinavíska hugtakið *punktaskáldsögu* til að lýsa verkinu. ⁵ Slíkar sögur eru mun styttri en hefðbundnar skáldsögur, framvindan er ekki jafn skýr og mikið um eyður í textanum. ⁶ Allt á þetta við um *Kjötþæinn* en bókin er rík af eyðum og, þrátt fyrir ákveðna framvindu, er frásögnin ekki línuleg. ⁷

Smásagnasafnið *Doris deyr* (2010), fyrsta prósaverkið sem kom út eftir Kristínu, er um margt ólíkt ljóðabókunum sem á undan komu, *Kjötþænum*, *Húðlitri auðninni* (2006) og *Annarskonar sælu* (2008). Stíllinn er hefðbundnari og ekki jafn tilraunakenndur en þó markast frásagnirnar af ljóðrænu og markvisst er unnið með myndmál og tákni. Á stöku stað stingur súrrealisminn upp kollinum eins og til dæmis í sögunni „Þrjár hurðir“. Greina má fleiri sameiginlega þræði milli þeirrar sögu og *Kjötþæjarins* en báðar fjalla þær á hrollvekjandi hátt um innilokaðar konur. Helga, söguhetjan í „Þremur hurðum“, lifir millistéttaífi og býr við forréttindi ólíkt Kötú en samt sem áður upplifir hún þrúgandi innilokun á sínu heimili. Þá hljóta persónurnar sambærileg örlög en sögu Helgu lýkur með því að hún heldur ofan í göng sem leiða hana í mannabústaði undir yfirborði jarðar.

reiður á form textanna. Sjá til dæmis skrif Úlfhildar Dagsdóttur um *Kjötþæinn* þar sem hún segir að verkið sé „einskonar prósasafn, næstumþvisaga, að sögn að danskri fyrirmynd, þá er verkið mjög skylt prósaljóðum.“ (Úlfhildur Dagsdóttir, „Ást og appelsínur / Kjötþærin“, *Bókmenntavefurinn*, 2004, sótt 2. desember 2024 af Ást og appelsínur / Kjötþærin | Bókmenntaborgin). Annað nærtækt dæmi er bókadómur Ólafs Guðsteins Kristjánssonar um *Ellínu, ýmislegt* sem ber yfirskriftina „Eins konar ljóð, eins konar skáldsaga.“ (Ólafur Guðsteinn Krísjánsón, „Eins konar ljóð, eins konar skáldsaga“, *Starafugl*, 2018, sótt 2. desember af Eins konar ljóð, eins konar skáldsaga | Starafugl.

⁴ Haukur Ingvarsson, „Ég hef þörf fyrir að jagast í raunveruleikanum...“, bls. 99.

⁵ Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir, „*Kjötþæ* Kristínar“, *Vera* 23: 4/2004, bls. 31–34, hér bls. 34.

⁶ Helge Ridderström, „Punktroman“, *Bibliotekarstudentens netleksikon om litteratur og medier*, 2020, sótt 7. júlí 2024 af punktroman (litteraturogmedieleksikon.no).

⁷ Það gæti verið freistandi að líta á *Kjötþæinn* sem prósaverk en bókin hefur verið flokkuð sem ljóðabók frá upphafi. Ef henni er slegið upp á Leitir.is kemur í ljós að hún er skráð sem ljóðabók á bókasöfnum landsins og í viðtölum við höfund og umfjöllun um verkið er jafnan talað um það sem fyrstu ljóðabók Kristínar (sjá til dæmis Veru Knútsdóttur, „Kok“, *Bókmenntavefurinn*, 2014, sótt 2. desember af KOK | Bókmenntaborgin og Kristínu Ómarsdóttur, „Hnefi beitir heiðarlegra ofbeldi“, *Tímarit Máls og menningar* 78: 4/2017, bls. 9–28, hér bls. 18–19).

Hér verða til umræðu þessar tvær frásagnir, ljóðsagan *Kjötbæinn* og smásagan „Þrjár hurðir“. Kata og Helga verða heimsóttar en þar að auki verður staldrað við í öðrum ókennilegum híbýlum sem þær stíga fæti inn í og þeim fylgt í gegnum göngin í ferðalög inn í nýjar víddir og á milli ólíkra heima. Fjallað verður um óhugnaðinn í verkunum og þau greind með hliðsjón af frásagnareinkennum hryllingsbókmennta, sér í lagi gotneskrar skáldskaparhefðar sem liggur til grundvallar nútímahrollvekjum. Sérstök áhersla verður lögð á hin ókennilegu rými í sögunum, sem sumum hverjum svipar til reimleikahúsa, og því haldið fram að þau endurspegli og varpi ljósi á hugarheim persónanna. Þá verður jafnframt vikið að samfélagsádeilunni sem greina má í verkunum sem miðlað er hvort tveggja með súrrealisma og óhugnaði.

Ókennileg einangrun á efstu hæð

Kjötbæinn má flokka sem hrollvekj⁸ en sú bókmenntagrein á sér uppruna í gotnesku skáldsögunni sem kom fram í Englandi á 18. öld. Gotneskur skáldskapur einskorðast þó ekki við hrollvekjandi sögur fyrri alda því einkenni hans eru enn algeng í hrollvekjum nú til dags.⁹ Hið gotneska (e. *the Gothic*) sem bókmenntahugtak vísar þar með jafnt í hefðina og hvernig unnið er með hana (meðvitað eða ómeðvitað) í nútímaskáldskap til að skapa óhugnað.¹⁰ Í greininni „Dauðinn á forsiðunni. *DV* og gotnesk heimssýn“ heldur Guðni Elísson til að mynda fram að gotneska hefðin sé orðin að almennri orðræðu í vestrænni menningu og að frásagnarminni hennar hafi afar mótandi áhrif á framsetningu hryllings jafnt sem viðbrögð við honum.¹¹ David Punter bendir á að fræðimenn séu ekki ávallt sammála um hvað telst til gotneskra skáldsagna og að hugtakið, hið gotneska, hafi orðið enn flóknara og brotakenndara á tuttugustu öld. Samt sem áður má greina skýr einkenni gotnesks skáldskapar sem ganga aftur í nútímanum og sem dæmi nefnir Punter vofur eða svipi, niðurgrafið sögusvið og líkamlegan sársauka eða sár sem jafnan endurspeglar áföll, hvort sem er einstaklingsbundin eða samfélagsleg.¹² Þá kennir hann óhugnaðinn sem einkennir gotneskan skáldskap við

⁸ Hrollvekjan er í það minnsta undirliggjandi þráður eða þema líkt og Úlfhildur Dagsdóttir kemst að orði í dómi um verkið (sjá Úlfhildi Dagsdóttur, „Ást og appelsínur / Kjötbæinn“).

⁹ Guðni Elísson, „Dauðinn á forsiðunni. *DV* og gotnesk heimssýn“, *Skírni* 180: 1/2006, bls. 105–132, hér bls. 110.

¹⁰ David Punter, „Introduction. The Ghost of a History“, *A New Companion to the Gothic*, ritstjóri David Punter, Chicester: Wiley-Blackwell, 2012, bls. 1–9, hér bls. 1–3.

¹¹ Guðni Elísson, „Dauðinn á forsiðunni. *DV* og gotnesk heimssýn“, sérstaklega bls. 114–115.

¹² David Punter, „Introduction. The Ghost of a History“, bls. 2–3.

ókennileikann sem þar er að finna og heldur fram að hið ókennilega tengist hinu gotneska órjúfa böndum.¹³

Í ritgerðinni „Das Unheimliche“¹⁴ (1919) fjallar Sigmund Freud um þessa tegund óhugnaðar eða óttatilfinningar og styðst þar í miklum mæli við gotneskan skáldskap. Smásagan „Der Sandmann“ eftir Ernst Theodor Amadeus Hoffmann¹⁵ reynist honum til að mynda rík uppspretta af dæmum um hvernig höfundar skapa ókennilegt andrúmsloft og vekja þessa tilteknu óttatilfinningu hjá lesendum.¹⁶ Að mati Freuds hafði þessari kennd ekki verið gerð nægilega góð skil á ritunartíma greinarinnar. Hann skilgreinir hið ókennilega sem „hræðslufni, sem vísar til þess, sem er gamalkunnugt og löngu handgengið“.¹⁷ Skilgreiningin er að vissu leyti andsvar við umfjöllun Ernst Jentsch um sama hugtak en hann komst að þeirri niðurstöðu að grundvöllur ókennileikans væri það sem er ókunnugt.¹⁸ Freud heldur þvert á móti fram að kjarni ókennileikans felist í því að eitthvað kunnugt geti samtímis verið framandi og með því vakið óhug eða ókennileika. Til að skýra það frekar styðst hann við orðabókaskilgreiningar. Hann leggur sérstaka áherslu á orðið heimlich (sem almennt merkir heimilislegur eða kunnuglegur) til að öðlast dýpri skilning á því og andheiti þess, unheimlich. Niðurstaðan verður sú að sterk tengsl séu á milli þessara orða, að heimlich geti verið tvírætt og runnið saman við merkingu andheitisins, unheimlich.¹⁹ Vera Knútsdóttir, sem fjallað hefur um ókennileg heimili í skáldsögu Kristínar Eiríksdóttur, *Hvítfeld* (2012), lýsir tvíræðni orðsins á þessa leið:

¹³ Sama heimild bls. 2 og David Punter, „Shape and Shadow. On Poetry and the Uncanny“, *A New Companion to the Gothic*, ritstjóri David Punter, Chicester: Wiley-Blackwell, 2012, bls. 252–264, sérstaklega bls. 252.

¹⁴ Greinin var þýdd á íslensku af Sigurjóni Björnssyni undir titlinum „Hið óhugnanlega“ en hefd er fyrir því að nota „hið ókennilega“ yfir hugtakið *das Unheimliche*, sjá til dæmis Dagnýju Kristjánsdóttur, „Kóralína og mæður hennar. Um vandkvæði þess að skipta um móður í *Kóralínu* eftir Neil Gaiman“, *Ritið* 1/2021, bls. 81–102, hér bls. 91 og Veru Knútsdóttur, „Sjálfsmynd og ókennileiki á tímum fjármálahruns. Um hrunskáldsögurnar *Ég man þig* eftir Yrsu Sigurðardóttur og *Hvítfeld: Fjölskyldusaga* eftir Kristínu Eiríksdóttur“, *Ritið* 1/2023, bls. 7–36, hér bls. 14.

¹⁵ Freud lýsir því yfir að Hoffmann sé „óumdeildur meistari óhugnaðarins í skáldskap“. Sjá Sigmund Freud, „Hið óhugnanlega“, *Listir og listamenn*, þýðandi Sigurjón Björnsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2004, bls. 191–238, hér bls. 211.

¹⁶ Sama heimild, bls. 204–211.

¹⁷ Sama heimild, bls. 196.

¹⁸ Sama heimild, bls. 197.

¹⁹ Sama heimild, bls. 201–202.

Annars vegar vísar það í hugmyndina um heimili sem öruggt rými sem einkennist af nánd og öryggi, fábrotnum huggulegheitum og nostalgíu. Á hinn bóginn tjáir það eitthvað sem er hulið, falið og geymt úr auglýsni. Neikvæða formerkið „un“ bætir einhverju óþægilegu og undarlegu við orðið, að mati Freuds, sem gefur til kynna tengsl milli heimilisins, öruggs rýmis einkalífs fjölskyldunnar, við falin leyndarmál fortíðar; eitthvað sem er niðurbælt á stað sem iðulega er talinn öruggur og friðsæll.²⁰

Samkvæmt Freud byggir ókennileikinn upphaflega á einhverju kunnuglegu sem einstaklingur hefur bælt niður. Hið ókennilega er með öðrum orðum sú ótta-tilfinning sem kviknar þegar ómeðvituð þekking, sem hefur fjarlægst hugann við bælingu, er dregin fram.²¹ Í fyrrnefndri grein tekur Freud fjölda dæma um aðstæður og fyrirbæri sem geta kallað fram þessa tilfinningu en þar á meðal eru afskornir útlímur og undarleg líkindi, svo sem tvíburar, tvífarar og vaxmyndir af fólki. Vafi á því hvort manneskja er lifandi eða lífvana getur líka vakið tilfinninguna, sem og þegar mörkin á milli veruleika og ímyndunar verða óljós. Þá geta dularfullar tilviljanir framkallað þessa kennd ef fólk fer að leggja aukna merkingu í þær. Við slíkar aðstæður getur einstaklingur, sem ekki er hjátrúarfullur, orðið óöruggur í sannfæringu sinni og við það upplifað óttann sem Freud kennir við ókennileika.²²

Þótt ýmsar aðstæður í raunveruleikanum geti reynst ókennilegar fjallar Freud sérstaklega um ókennileikann sem fagurfræðilegt hugtak og hvernig það birtist í skáldskap. Til að greina virkni hugtaksins styðst hann við hrollvekjur, eða skáldskap sem einkennist af óhugnaði, og segir meðal annars að rithöfundum standi til boða „miklu fleiri möguleikar á að búa til óhugnað en í raunverulegu lífi“. ²³ Í greininni „What is the Uncanny?“ fjallar Mark Windsor nánar um hugtakið í tengslum við fagurfræði og listir og leitast við að niðurnjörva enn frekar merkingu þess. Hann setur tilfinninguna í samband við kvíða og leggur áherslu á hversu óljós og ruglingsleg hún sé fyrir þann sem upplifir hana. Ekki er alltaf auðvelt að henda reiður á hvað veldur kvíða og eins er því farið með óttann sem

²⁰ Vera Knútsdóttir, „Sjálfsmynd og ókennileiki á tímum fjármálahruna. Um hrunkáld-sögurnar *Ég man þig* eftir Yrsu Sigurðardóttur og *Hvítfeld: Fjölskyldusaga* eftir Kristínu Eiríksdóttur“, bls. 15.

²¹ Sigmund Freud, „Hið óhugnanlega“, bls. 219.

²² Sama heimild, bls. 210–223.

²³ Sama heimild, bls. 229.

ókennileikinn vekur. Hræðslan er einnig ólík þeirri sem vaknar þegar sögupersónur lenda í klóm skrímsla eða morðingja. Hættan sem stafar af ókennilegum fyrirbærum er ekki jafn augljós en þau vekja með sögupersónum og lesendum kvíðablandinn ugg sem erfitt getur verið að skýra. Windsor tekur sem dæmi upphafsliður hinnar ókennilegu, gotnesku smásögu „Endalok Usher-ættarinnar“ eftir Edgar Allan Poe.²⁴ Þar lýsir sögumaður ónotalegri og ruglingslegri tilfinningu sem vaknar innra með honum þegar hann stendur frammi fyrir óðalsetri Usher-ættarinnar:

Ég veit ekki hvernig á því stóð, en strax og ég sá húsið lagðist einhver óþolandi sorgartilfinning á mig – ég segi óþolandi því þessi tilfinning var óblandin hinni hálf-þægilegu skáldlegu kennd, sem kemur vanalega í huga manns við að sjá jafnvel hinar óvægnustu myndir þess sem er eyðilegt og óttalegt. Ég horfði á það sem fyrir augu mín bar; húsið sjálft og tilbreytingarlaust landslagið umhverfis dökka veggina og gluggana sem litu út sem brostin augu; [...]. Einhver helkuldahrollur gagnatók hjarta mitt, og hugsanir mínar voru svo daprar að ég gat ekki gefið þeim nokkurn snefil af háfleygi. Hvað gat það verið – ég nam staðar til að spyrja sjálfan mig að því – Hvað gat það verið sem skaut mér þessum skel í bringu við að sjá hús Ushers?²⁵

Sögumaðurinn er ekki í bráðri hættu þar sem hann stendur andspænis húsinu en ókennileiki þess vekur með honum ugg sem hann á erfitt með að skilja. Óttinn á þó vitaskuld rétt á sér því ættaróðalið heyrir undir eitt helsta minni gotneskra sagna um húsið og ógnina innan veggja þess en sagan hefur haft mikil áhrif á þróun reimleikahússins í hrollvekjum samtímans.²⁶

Söguvið *Kjötþegarins* er gjörólíkt því sem birtist í hefðbundnum gotneskum skáldsögum. Hinn gotneski kastali tilheyrir enda fornu fari og hefur því almennt tekið breytingum og birst í ýmsum myndum í hrollvekjum samtímans.²⁷ Sunna

²⁴ Mark Windsor, „What is the Uncanny?“, *British Journal of Aesthetics* 59: 1/2019, bls. 51–65, hér bls. 56–58.

²⁵ Edgar Allan Poe, „Endalok Usher-ættarinnar“, *Kvæði og sögur eftir Edgar Allan Poe*, ritstjórar Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson og Ástráður Eysteinnsson, þýðandi Guðmundur Árnason, Reykjavík: Dimma, 2023, bls. 149–167, hér bls. 149.

²⁶ Sigrún Margrét Guðmundsdóttir, *Húsið og heilinn. Um virkni reimleikahússins í íslenskum hrollvekjum*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2023, bls. 14–16.

²⁷ Dale Bailey, *American Nightmares. The Haunted House Formula in American Popular Fiction*, Madison: University of Wisconsin Press, 1999, bls. 57–58 og Sigrún Margrét Guðmundsdóttir, *Húsið og heilinn. Um virkni reimleikahússins í íslenskum hrollvekjum*, bls. 207–208.

Dís Jensdóttir nefnir í grein um íslensku hrollvekjuna *Börnin í Húmdölum* (2004) eftir Jökul Valsson að norrænir höfundar yfirfæri gjarnan hið gotneska söguvið á slóðir þeim kunnugri²⁸ en í íslensku samhengi hafa einangraðir sveitabær og sjálf náttúran gegnt hlutverki gotneskra miðaldakastala sem og margs konar hífli önnur, allt frá sumarbústöðum til nýbygginga í Reykjavík.²⁹

Blokkaríbúð Kötú og Kalvins er fjarri sveit og óbyggðum og raunar hefur Kristín Eiríksdóttir upplýst að söguviðið sé innblásið af Kaupmannahöfn þar sem hún bjó þegar hún vann að sögunni. Titillinn vísar til að mynda í hverfið Kødbyen þar sem í eina tíð mátti finna sláturhús og kjötverslanir.³⁰ Innan veggja íbúðarinnar er ógnin og óttinn allt umlykjandi. Ljóðmælandinn lýsir dulrænum atburðum, verum sem spýttast út úr veggjunum og djöfli í næsta húsi sem ásækir parið. Óljóst er hvort um ímyndun eða veruleika er að ræða, líkt og nánar verður vikið að síðar, en ljóst er að íbúðin reynist fjandsamlegur staður. Líf aðalsöguhetjunnar, Kötú, er nær alfarið bundið við heimilið en fram kemur að hana dreymir illa í svefni jafnt sem vöku³¹ auk þess sem sjálfsmorðshugsanir leita á hana:

Ef ég stíng höfðinu út um gluggann og horfi niðureftir veggnum niðrá malbikið lygni aftur augunum og hugsa um ekki neitt þá get ég dottið án þess að meiða mig. Allt snýst við og svo eftir skellinn vægðarlausu verður allt svart og hræðslan fer. (28)

Svo virðist sem Kata sé hálf út um gluggann meðan hugsunin þýtur í gegnum huga hennar því viðbrögðum Kalvins, sambýlismanns hennar, er lýst á þessa leið: „Hann rífur mig inni íbúðina á hárinu og fleygir mér á gólfíð. Ég horfi á nýpússuð stúgvélin spígspora um gólfíð. Röddin hans smellir í heilanum og orðin sviða.“ (28) Þótt Kalvín sé í hlutverki bjargvættar í þessari senu, er tilvitnunin til marks um hvernig samband þeirra, sem er við það að fjara út, markast af líkamlegu og andlegu ofbeldi. Lýsingarnar á heimilisofbeldinu eru sjaldnast berorðar og kallast þannig á við raunverulega stöðu margra þolenda og þá þöggun sem

²⁸ Sunna Dís Jensdóttir, „...Hann vissi hvað var veruleiki og hvað ekki“. Gotnesk samfélagsádeila í skáldsögunni *Börnin í Húmdölum* eftir Jökul Valsson“, *Ritið* 1/2023, bls. 37–66, hér bls. 45.

²⁹ Sjá Sigrúnu Margréti Guðmundsdóttur, *Húsið og heilinn. Um virkni reimleikahússins í íslenskum hrollvekjum*, bls. 23–27 og 159.

³⁰ Haukur Ingvarsson, „Ég hef þörf fyrir að jagast í raunveruleikanum...“, bls. 96.

³¹ Kristín Eiríksdóttir, *Ijötubærinn*, Reykjavík: Bjartur, 2004, bls. 13. Eftirleidis verður vísað til bókarinnar með blaðsíðutali í sviga.

oft einkennir ofbeldi af því tagi.³² Í *Kjötþænum* er ofbeldinu miðlað á táknrænan hátt og þar með ætlast til að lesandinn fylli í eyðurnar. Ljóðmælandinn klifar til að mynda á vel brýndum hnífum Kalvins sem verða að ógnandi reðurtákni í eftirfarandi senu þar sem gefið er í skyn að Kalvin nauðgi Kötun:

Hnífarnir þínir Kalvin eru vel brýndir vandlega meðfarnir fullkomnir.
Þú breiðir handklæðið á rúmið, leysir niðrum þig buxurnar, syngur: i
am human and i need to be loved just like anybody else does. Blóðið
frussast þessi kúrekastígvél eru moldug þessar nærbrækur skítugar. (14)

Þrátt fyrir nóturlegt heimilislífið, getur Kata ekki hugsað sér að fara út úr íbúðinni enda dæmigert fyrir fórnarlömb heimilisofbeldis að einangrast í aðstæðum sínum:

Kalvin kemur heim eftir tvo klukkutíma [...] kannski kemur hann heim og stingur uppá því að við förum út að borða, reynir að neyða mig út. Ég mun neita því, neita að fara út. (16)

Hún lýsir einangrun sinni einnig með eftirfarandi orðum: „Ég heiti Kata og er fól sökum inniveru, einræn sökum einveru inniveru ímyndunarveikur sendiboði sannleikans ung og ástfangin.“ (13)

Innilokun konunnar á heimilinu er algennt frásagnarstef í hinni gotnesku hefð og hefur reynst óþrjótandi uppspretta hrollvekja í gegnum tíðina.³³ Sigrún Margrét Guðmundsdóttir bendir auk þess á að í greiningu á gotneskum skáldskap eftir kvenhöfunda, eða kvengotneskum (e. *female gothic*) frásögnum, sé óttinn við að lokast inni á heimilinu oft í brennidepli.³⁴ Carol Quarini er meðal þeirra sem fjallað hefur um gotnesku skáldsöguna í Bretlandi á 19. öld með áherslu á heimili og stöðu kvenna innan þeirra. Hún nefnir að hin gotnesku hús séu almennt ókennileg og líkt og innbyggt er í þýska hugtakið *unheimliche* eru þau heimilisleg og óheimilisleg í senn.³⁵ Hlutverk hússins í sögunum gegnir oft og

³² Sjá Ingólf V. Gíslason, *Ofbeldi í nánum samböndunum. Orsakir, afleiðingar, úrræði*, Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2008, bls. 44–45.

³³ Guðni Elísson, „Dauðinn á forsiðunni. DV og gotnesk heimssýn“, bls. 110–111. Eitt þeirra gotnesku minna sem Guðni segir móta framsetningu á hryllingi og viðbrögðum við honum er minnið um ungu, einangruðu og kvöldu konuna, sjá sérstaklega bls. 114–115.

³⁴ Sigrún Margrét Guðmundsdóttir, *Húsið og heilinn. Um virkni reimeikahússins í íslenskum hrollvekjum*, bls. 129.

³⁵ Quarini orðar það sem svo að skuggar ókennileikans og hinnar gotnesku hefðar skarist á heimilinu. Sjá Carol Quarini, „The Domestic Veil. The Net Curtain in the Uncanny

tíðum tvíþættu hlutverki, annars vegar er það gríðastaður en hins vegar þrúfund og í meðförum ýmissa skáldkvenna þessa tímabils táknað heimilið einna helst fangelsi konunnar. Samkvæmt Quarini er gotneska heimilið umkringgt óljósum gegnsæjum mörkum sem aðgreinir heim kvenna, sem er innanstokks, frá umheiminum og dregur fram einangrun þeirra og innilokunarkennd. Mörk hússins umlykja einnig ógnvekjandi leyndarmál sem þar búa og dulið ofbeldi sem á sér stað innan veggja þess.³⁶

Íbúð parsins í *Kjötbenum* gegnir þessu þverstaða hlutverki sem Quarini greinir í gotneskum skáldsögum. Líta má á hana sem einhvers konar gríðarstað sem Kata vill ekki yfirgefa en í senn er heimilið ókennileg þrúfund. Þótt Kalvin reyni að draga Kötunni út yfir einangrun hennar undir heimilisofbeldið sem hann beitir hana. Eftir því sem konur eru einangraðri félagslega aukast líkur á heimilisofbeldi og að skapi leiðir það til aukinnar einangrunar þolenda.³⁷ Slíkan víthringur má greina í sambandi parsins í *Kjötbenum* og ofbeldið af hendi Kalvins er þar með ekki síður lykilkáttur í einangrun Kötunni. Óhugnaðinum innan veggja heimilisins er miðlað á táknað hátt og þar gegna myndirnar og rýmið sjálft mikilvægu hlutverki. Í upphafi bókar sjást nokkrar teikningar af hníf skera í sundur perlufesti og perlum sem hafa fallið á gólf. Á síðustu perlumyndinni sést Kata sitja á dýnu en hálsinn og höfuðið er ekki með á myndinni sem er táknað fyrir það hvernig sjálf hennar er að hverfa. Hún er að brotna niður og það er undirstrikað síðar í textanum með vísun í upphafsmyndirnar: „Hún birtist mér eitrunaðran sem bitur í skottið á sér, skjannahvít og hlykkjast um loftið, perlufestinn. Þegar hún slitnar og hennar hundrað perlu sundrast er ég sjálf í hverri þeirra og sársaukinn.“ (26) Fram kemur í textanum að Kalvin eigi hnífa og því má ætla að það sé hann sem skeri hálsfestina í sundur. Þannig endurspeglar myndirnar og textinn hvernig hann ber ábyrgð á niðurbroti Kötunni. Fölvi Kötunni kallast jafnframt á við nakta vegg heimilisins sem eru „auðir síðan Kalvin tók plakötin niður.“ (13) Kalvin rífur þannig niður myndirnar rétt eins og hann rífur niður Kötunni og föl konan rennur saman við tómlegt heimilið. Rými er gjarnan notað til að endurspeglar hugarástand persóna³⁸ og annað dæmi um það í *Kjötbenum*

Home“, *TEXTILE* 18: 3/2019, bls. 232–249, hér bls. 234.

³⁶ Carol Quarini, „The Domestic Veil. The Net Curtain in the Uncanny Home“, bls. 234–236.

³⁷ Sjá Ingólf V. Gíslason, *Ofbeldi í nánum samböndunum. Orsakir, afleiðingar, úrræði*, bls. 30.

³⁸ Mark Taylor, „Hidden Spaces: Cavities, Attics and Cellars. Morbid Secrets and Threatening Discoveries“, *Domestic Interiors. Representing Homes from the Victorians to the Moderns*, ritstjóri Georgina Downey, London og New York: Bloomsbury Academic, 2013, bls. 147–158, hér bls. 148.





eru teikningarnar af heimilinu sem eru táknrænar fyrir brotið sjálf söguhetjunnar. Margar þeirra sýna ótengd ljós og raftæki með slitnum og flæktum snúrum sem eru lýsandi fyrir Kötú sjálfá. Hún er ekki í sambandi við umheiminn og hugur hennar er allur í flækju: „Kalvin er hættur að skilja hvenær ég tala um drauma og hvenær ég tala um það sem gerist á meðan hann er ekki heima, segir að ég tali í flækjubendu og að ég sé veruleikafírrt.“ (25)

Brotið sjálf Kötú má líka setja í sambengi við þá dularfullu atburði sem eiga sér stað inni á heimilinu og þær óhugnanlegu verur sem birtast henni. Hún segir til dæmis frá ógeðslegum skratta sem býr í blokkinni á móti og „sendir illsku yfir til okkar [parsins] með sérstökum rafeindabúnaði.“ (13) Þá birtist óvelkomið innfyli sem talar við Kötú:

Herbergið er ferhyrnt en ekki lifrin rauða sem skríður um það, andar og talar, felur sig í dagsljósinu en kemur fram á nóttunni og talar til mín. Ég svara henni ekki í von um að hún fari. Hún segir undarlega hluti um verksmiðju byggða úr kjöti og beinum sem lítur út einsog hús en þegar inn er komið er hvorki tími né rúm, fjarlægðin er endalaus. Þar eru fleiri af hennar tagi, fleiri en mig gæti óráð fyrir. (31)

Á öðrum stað í verkinu virðast veggirnir sjálfir, sem eru bleikir líkt og hold, vakna til lífsins. Þeir gárast og óráð vera treðst í gegnum þá og inn á gólf til Kötú:

Bleikur veggurinn byrjar alltíeinu að bylgjast allur og mér sýnist manneskja vera að troða sér í gegnum hann til mín. Sólin skín



innum götin á lakinu og býr til litla flekki á vegginn. Alltíeinu bráðnar hann eins og lavalampi og það skýst útúr honum manneskjulaga klumpur, bleikur með tifandi ljósflekkjum. (16)

Hin yfirskilvitlega vídd heimilisins sem Kata lýsir svo má líta á sem tákn fyrir hugarástand hennar og slæmar aðstæður en Guðni Elísson hefur talað um tilhneigingu samtímahöfunda til „að færa gotneskt átakasvið inn á við og horfa á reimleikana sem búa í mannsálinni.“³⁹ Hefð er fyrir því að lesa draugagang innan veggja hússins sem truflun í sjálfsm mynd söguhetjunnar⁴⁰ auk þess sem reimleikar í gotneskum sögum eru gjarnan líking fyrir dulin leyndarmál og áföll sögupersóna. Ellen Brinks bendir á að til séu margs konar skilgreiningar á hinu gotneska í skáldskap en að hennar mati er virkni hugtaksins fyrst og fremst fölgín í því að skoða og tjá á táknrænan hátt það sem hefur verið þaggað og bælt niður í menningunni hverju sinni.⁴¹ Þannig býður slíkur skáldskapur upp á leið til að afhjúpa málefni sem sveipuð hafa verið þagnarhjúp líkt og í *Kjötbænum* þar sem heimilisofbeldi og kynbundið ofbeldi er dregið fram í dagsljósið á nýstárlegan hátt.⁴²

Surrealísk uppljómun

Draugagangurinn sem Kata lýsir á heimilinu blandast saman við raunsæjar og hversdagslegar lýsingar svo lesandinn á í sömu erfiðleikum og Kalvin með að greina á milli drauma og veruleika. Sambandsleysi Kötú og meint veruleikafíring gera hana með öðrum orðum að ótrúverðugum sögumanni sem eykur enn á ókennileika ljóðsögunnar. Líkt og áður sagði fjallar Freud sérstaklega um aðferðir rithöfunda til að skapa ókennileg áhrif í skáldskap. Ein þeirra sem hann

³⁹ Guðni Elísson, „„Menn gleyma fljótt, ekki síst ef þeir eru dauðir.“ Gotnesk merkingarsköpun í *Hringsóli* og *Rán* eftir Álfrúnu Gunnlaugsdóttur“, *Rúnir: Greinarsafn um skáldskap og fræðastörf Álfrúnu Gunnlaugsdóttur*, ritstjóri Guðni Elísson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2010, bls. 173–185, hér bls. 174–175. Rétt er að geta þess að Guðni er hér í samtali við 20. aldar höfunda en líkindin eru það mikil við skrif höfunda á 21. öld að hér verða orð hans einnig höfð um þá.

⁴⁰ Sjá Veru Knútsdóttur, „Sjálfsm mynd og ókennileiki á tímum fjármálahruns. Um hrunskáldsögunnar *Ég man þig* eftir Yrsu Sigurðardóttur og *Hvítfeld: Fjölskyldusaga* eftir Kristínu Eiríksdóttur“, bls. 16–17.

⁴¹ Sjá Ellen Brinks, „„Nobody’s Children“. Gothic Representation and Traumatic History in *The Devil’s Backbone*“, *JAC* 2/2004, bls. 291–312, hér bls. 292–293.

⁴² Vert er að nefna að þótt umræða um heimilis- og kynbundið ofbeldi hafi verið áberandi það sem af er þessari öld, svo sem í bylgjum á borð við Druslugönguna (20010-), #höfumhátt (2017) og #metoo (2017), var hún mun lokaðri á ritunartíma sögunnar.

nefnir er þegar tveimur ólíkum heimum eða veruleikum er blandað saman eða þegar yfirnáttúrulegar verur eða atburðir koma fyrir í heimi sem lýtur að öðru leyti sömu lögmálum og heimur lesandans. Lesandinn á ekki von á neinu yfirskilvitlegu í raunseisskálldskap og því verður upplifunin ólík því að lesa fantasíur.⁴³ Slík ókennileikatilfinning er vakin hjá lesendum *Kjötþæjarins* sem vita ekki hvernig í pottinn er búið. Lýtur heimur Kötú sömu lögmálum og raunveruleikinn og er upplifun hennar á sviði geðveikinnar eða er heimur hennar raunverulega uppfullur af undrum?

Furðurnar sem birtast Kötú eru einnig súrrealískar enda setja einkenni þeirrar stefnu mark sitt á *Kjötþæinn*. Í „Stefnuyfirlýsingu súrrealismans“ frá 1924 leggur einn helsti kennismiður stefnunnar, André Breton, áherslu á að til að skapa áhrifaríka mynd þurfi að tengja tvo ólíka veruleika og hann vitnar í því samhengi í Pierre Reverdy:

[Myndin] getur ekki sprottið af viðlíkingu, heldur aðeins af tengingu milli tveggja veruleika sem eru meira eða minna fjarlægir.

Því fjarskeyttara og skarpara samband þeirra tveggja veruleika sem tengjast er, þeim mun sterkari verður myndin – þeim mun meiri tilfinningaþrótti og skáldlegum veruleika mun hún búa yfir [...].⁴⁴

Greina má ákveðna skörun milli fagurfræðinnar sem þarna er lýst og umfjöllunar Freud um ókennileikann en í báðum tilvikum er tveimur ólíkum heimum eða veruleikum blandað saman til að vekja áhrif með lesandanum.

Óljós mörk veruleika og fantasíu í *Kjötþænum* má líka tengja því markmiði súrrealismans að skapa aðstæður fyrir uppljómun hjá lesandanum. Í greininni „Við ysta myrkur. Forboðnir listar í ljóðum eftir Sjon“ lýsir Guðni Elísson þeirri viðleitni súrrealismans með því að vísa í fræðikonuna Jacqueline Chénieux-Gendron sem telur stefnuna vantreysta „öllum fastmótuðum tilraunum til að koma reglu á heiminn, öllu skipulagi í tíma og rúmi, og hvers kyns merkingarþrunginni flokkunarfræði.“⁴⁵ Mörkin á milli þess sem er raunverulegt og óraunverulegt verða jafnvel óljós því súrrealisminn afbyggir hvers konar aðgreiningu sem tungumál og menning hins vestræna heims byggir á, jafnvel aðgreininguna

⁴³ Sigmund Freud, „Hið óhugnanlega“, bls. 229–231.

⁴⁴ André Breton, „Stefnuyfirlýsing súrrealismans“, *Yfirlýsingar. Evrópska framúrsteffnan*, ritgjafi Vilhjálmur Árnason, þýðandi Benedikt Hjartarson, Reykjavík: Hið íslenska bókmennta-félag, 2001, bls. 377–497, hér bls. 413.

⁴⁵ Guðni Elísson, „Við ysta myrkur. Forboðnir listar í ljóðum eftir Sjon“, *Ritid* 11: 2/2011, bls. 53–72, hér bls. 71.

milli þess sem er satt og ósatt.⁴⁶ Þannig er leikið með væntingar lesandans til merkingar og tungumálsins yfirhöfuð og honum er boðið upp á annan skilning en hann er vanur. Í *Kjötbænum* er brugðið á slíkan leik og hin ríkjandi rökhyggja og skynsemishyggja sífellt afbyggðar. Í sjálfu kjöthúsinu er „hvorki tími né rúm, fjarlægðin endalaus“ (31) og Kata segist vera „ímyndunarveikur sendiboði sannleikans.“ (13) Út frá rökhyggju eru sannleikur og ímyndun andstæður og setningin þar með mótsögn, en í raun leggur hún áherslu á hversu afstæður sannleikurinn er og afbyggir þar með hina ríkjandi rökhyggju.⁴⁷ Í eftirfarandi orðum Kötú kemur einnig fram gagnrýni á hið röklega:

Það er sólstingur ærandi fer aldrei kom aldrei heilahristingur óráð minnisleysi þau gleyma að svona fæddist ég halda að ég geti svarað spurningum byggðum á rökfræði sem er ekki mín að skilja það fer alveg með mig og enginn sér gegnum húðina nema þú Kalvin. (38)

Aðspurð segist Kristín ekki hafa skrifað meðvitað súrrealískt en hugmyndir hennar eiga margt sameiginlegt með stefnu súrrealistanna. Þegar hún, í viðtali, er beðin um að einfalda viddaflakk Kötú er hún treg til og segir: „Eru flestir hlutir ekki nógu einfaldir? Þurfum við að leitast að því að einfalda allt annað?“ Hún gagnrýnir jafnframt rökhyggjuna og segir „[r]ök eru persónuleg, ekki sameiginleg. Bókin fjallar að vissu leyti um það.“⁴⁸ Þessi afstaða rímar við vantraust súrrealistanna á tilraunir til að koma reglu á heiminn og markmið þeirra að afbyggja merkingarklisjur.

Reimleikahús af holdi og blóði

Áður en sagt er skilið við sögu Kötú er vert að staldra við í húsinu sem titillinn vísar í, sjálfu „kjöthúsinu“.⁴⁹ Í upphafi verksins bregður fyrir auglýsingu í blaði

⁴⁶ Jacqueline Chénieux-Gendron, *Surrealism*, New York: Columbia University Press, 1990, bls. 4.

⁴⁷ Í ljósi hrollvekjueinkenna sögunnar er einnig vert að nefna að andstaða við skynsemis- og rökhyggju hefur fylgt hrollvekjuni frá upphafi. Rekja má upphaf bókmenntagreinarninnar til loka upplýsingarinnar þótt sú hugmyndafræði sé fullkomlega á skjön við heim hrollvekjunnar þar sem „[s]kynsemistrú og rökhyggja víkja fyrir launhelgum og dulrænu, listin dregur sig afsíðis, inn í dimma hella, dýflisur, grafhýsi og grafir“, Guðni Elísson, „Dauðinn á forsiðunni. DV og gotnesk heimssýn“, bls. 110–111.

⁴⁸ *Fókus*, „Þetta gerist allt í höfðinu á mér“, 12. nóvember 2004, bls. 9.

⁴⁹ Þótt höfundur nefni hverfið Kødbyen í Kaupmannahöfn sem innblástur fyrir *Kjötbæinn* vísar titillinn ekki í hverfi í bókinni heldur þetta tiltekna kjöthúss líkt og eftirfarandi til-

þar sem fram kemur að Kjötþærinn óski eftir eldsálum. Auglýsingin leitar á Kötunni, hún getur ekki hætt að hugsa um Kjötþærinn og að endingu leggur hún leið sína þangað. Kjöthúsið ber ákveðin einkenni reimleikahússins sem minnst var á hér að framan og sver sig í ætt við fjölda hrollvekjandi húsa sem, þrátt fyrir óhugnaðinn sem í þeim býr, ná að lokka til sín fórnarlömb. Margar sögur sem hverfast um reimleikahús draga nafn sitt af sjálfu húsinu⁵⁰ líkt og á við um *Kjötbæinn* en líkamleiki hans fellur vel að frásagnarformi þessa hrollvekjuminnis: „Sjálft kjöthúsið er afskekkt, stoðirnar úr beinum veggir úr rjóðu kjöti. Frá húsinu vætla blóðlækir; það andar, belgist út dregst saman.“ (34) Löng hefð er fyrir því í skáldskap að gæða reimleikahús mannglegum eiginleikum og mörg þeirra líkjast mannslíkamanum.⁵¹ Líkt og lýsingin á kjöthúsinu er til vitnis um býr Kjötþærinn, sem andar og blæðir, yfir slíkum mannglegum, eða að minnsta kosti líkamlegum, einkennum. Þrátt fyrir gróteskar lýsingarnar býr húsið yfir fyrrnefndu aðdráttaraffli reimleikahússins þannig að Kata heldur að endingu þangað. Sigrún Margrét Guðmundsdóttir veltir fyrir sér hvað valdi því að fólk stígi fæti inn í hin ógurlegu hús og svarar því til að reimleikahúsin geti „lesið í huga annarra sögupersóna og notað þann eiginleika óspart til að lokka til sín fórnarlömb og fá þau til að lúta vilja sínum.“⁵² Sú skýring virðist lýsa tókunum sem Kjötþærinn hefur á Kötunni en hún getur ekki hætt að hugsa um hann:

Kjötþærinn er mér ætíð efst í huga ég velti fyrir mér hvort þeir hafi fundið aðra eldsál, hvort þeir hafi ekki örugglega átt við mig. Síðan ég sá auglýsinguna hafa þeir ekki látið mig í friði, þeir vilja mér eitthvað sem ég veit ekki hvað er. Ég skil ekki tákinn þeirra. (25)

Húsið kallar á Kötunni, hún telur það vilja sér eitthvað, og á endanum svarar hún kallinu en undir lok bókarinnar segir: „Kjötþærinn er kominn að sækja eldsálina logandi, er að missa takið á ofninum og sogast brátt inn í ormagöngin.“ (38)

vitnun er til vitnis um: „Kjötþærinn er í verksmiðjuhverfi í hinum enda bæjarins.“ (34)

⁵⁰ Sigrún Margrét Guðmundsdóttir hefur meðal annars fjallað um skáldsöguna *Hálendið* (2011) eftir Steinar Braga og kvikmyndina *Húsið* (1983) eftir Egil Eðvaldsson í þessu tilliti sem og Sunna Dís Jensdóttir um *Börnin í Húmdölum* (2004). Sjá Sigrúnu Margrétu Guðmundsdóttur, *Húsið og heilinn. Um virkni reimleikahússins í íslenskum hrollvekjum*, bls. 119–120 og 180, og Sunnu Dís Jensdóttur „„Hann vissi hvað var veruleiki og hvað ekki.“ Gotnesk samfélagsádeila í skáldsögunni *Börnin í Húmdölum* eftir Jökul Valsson“, bls. 49.

⁵¹ Sigrún Margrét Guðmundsdóttir, *Húsið og heilinn. Um virkni reimleikahússins í íslenskum hrollvekjum*, bls. 33–42. Dæmi um slíkt hús er óðalið í „Endalok Usher-ættarinnar“ en fram kom í tilvitnuninni hér að framan að gluggar þess minna á brostin augu.

⁵² Sama heimild, bls. 43.

Líklega tilheyrir kjöthúsið fremur myrkum draumheimi Kötú en raunveruleikanum. Reimleikahús eru í grunninn trámatískir staðir þar sem hið bælda og dulda lifnar við en í sama mund birtingarmyndir þeirra áfalla sem ásækja huga sögupersóna.⁵³ Þau fjalla því ekki síður um huga söguhetjanna og lesa má Kjötþæinn sem tákni fyrir eymd Kötú og örvæntingu. Hvort sem ferðalag hennar í kjöthúsið á sér stað í veruleika eða draumi liggur beinast við að túlka förina þangað, þar sem hún mun brátt sogast inn í ormagöng, sem endalok og dauða, líkt og blasir við mörgum þeirra sem lokast inni í reimleikahúsum. Í húsinu er sem fyrr segir hvorki tími né rúm og fjarlægðin endalaus og með því að stíga inn fyrir þröskuld þess virðist Kata hverfa inn í eilífðina. En Kjötþæinn stendur jafnframt fyrir það trámatíska helvíti sem Kalvin hefur skapað Kötú. Fram kemur að hann sé með stimpil frá „Fallna englinum“ á handarbakinu (27) sem túlka má sem svo að hann sé merktur djöflinum. Á einni teikningunni má sjá að orðin sem stimpluð eru á handarbakið eru „Fallni engillinn“ (43) og þá er jafnvel líkt og hann renni saman við sjálfan djöfulinn. Þar með má lesa endinn sem svo að djöfullinn nái Kötú, sem eykur enn á óhugnaðinn.



⁵³ Sama heimild, bls. 16 og 114.

Ásdís Helga Óskarsdóttir býður þó upp á aðra túlkunarleið. Hún hefur fjallað um fyrstu fjórar ljóðabækur Kristínar og bendir á að líkamlegt myndmál sé áberandi í þeim öllum og tengir það ótta og uppgjöri kvenpersóna við ofbeldi af hálfu karlmanna. Hringlaga fyrirbæri sem eru táknræn fyrir kvenlíkamann, svo sem göng og holur, eru algeng í verkunum og greinir Ásdís þau sem flóttaleiðir persónanna inn í aðra heima.⁵⁴ Út frá þeirri umræðu nefnir hún að lesa megi endinn á *Kjötbenum* í tengslum við byrjunina á næstu ljóðbók sem Kristín sendi frá sér, *Húðlitri auðninni* (2006). Bækurnar tvær eiga það sameiginlegt að vera ljóðsögur um einangraðar konur þar sem ógn, ofbeldi og valdabarátta er í brennidepli og Kristín hefur sagt að í ljósi þess líti hún á verkin sem systur.⁵⁵ Í upphafi *Húðlitar auðnarinnar* er minnst á ferðalag draugalestar í gegnum göng:

Draugalestin var eftirminnegust, segir þú. Um opið hlykkjuðust fótleggir nakinnar konu. Húðflúrað gat á maga mannsins sem hleypti þér um borð, úr gatínu brutust örsmáar beinagrindur. Hann sagði að þú færir inn á eigin ábyrgð. Draugalestin ók þér inni draugagöngin en ekkert gerðist nema kolniðamyrkur. Þú fannst að þú ferðaðist en sást ekkert. Teiknimynd rúllaði nokkra ramma, svo ekkert. En hvar voru þessi göng spyr ég og hvernig komstu útúr þeim aftur. Þú leggur vísi-fingur að holdinu undir hæggra auga, dregur.⁵⁶

Ásdís stingur upp á þeirri túlkun að draugagöngin vísi í göngin sem minnst er á undir lok *Kjötbejarins* og að víddarflakk Kötú skili henni þar með gegnum ormgöngin og yfir í eyðimörk næstu bókar.⁵⁷ Slíkt ferðalag minnir um margt á flakk Lísu í Undralandi ofan í göng og yfir í annan undarlegan heim en ef Kata nær að flýja úr *Kjötbenum* og yfir í *Húðlita auðnina* tekur þó ekki á móti henni betri heimur. Söguhetjan í *Húðlitri auðninni*, er innilokuð á heimilinu og föst í ofbeldis-sambandi, rétt eins og Kata. Ofbeldinu er miðlað með súrrealískum senum og valdamisræmið í sambandinu er til að mynda undirstrikað með því að konunni eru gefnir eiginleikar hunds:

⁵⁴ Ásdís Helga Óskarsdóttir, „„leiðin er innávið og uppímóti“. Fjórða bylgja femínismans og íslenskar kvennabókmenntir“, *Ritid* 2/2022, bls. 5–47, hér bls. 68–69.

⁵⁵ Haukur Ingvarsson, „Ég hef þörf fyrir að jagast í raunveruleikanum...“, bls. 99.

⁵⁶ Kristín Eiríksdóttir, *Húðlit auðnin*, Reykjavík: Nýhil, 2006, bls. 7.

⁵⁷ Ásdís Helga Óskarsdóttir, „„leiðin er innávið og uppímóti“. Um fjórðu bylgju femínismans og íslenskar kvennabókmenntir“, MA-ritgerð, Háskóli Íslands, 2019, bls. 76–77. Sótt 6. júlí 2024 af <https://hdl.handle.net/1946/32686>.

Þú segist þurfa að fara í súpermarkaðinn, setur ól um hálsinn á mér, strýkur mér eftir láréttri hryggjarsúlunni og við göngum af stað út eyðimörkina.

[...]

Þegar við komum aftur í höllina leggstu á vatnsrúmið en ég hringa mig saman á gólfinu. [...] Dreymir að ég elti á mér skottið.⁵⁸

Maðurinn er þó mikið fjarverandi svo konan er ekki síður einangruð í sinni eyðimerkurhöll en Kata í blokkaríbúðinni og eyðimörkin er vitaskuld afar táknræn fyrir einsemdina.⁵⁹

Líkt og áður sagði er minnið um innilokaðar og kvaldar konur algengt í hrollvekjum og hinni gotnesku hefð. Margar kvenpersónur slíkra sagna hafa að lokum hendur í hári karlanna sem loka þær af og níðast á þeim en í því felst samfélagsgagnrýni sem beinist að valdamisrétti kynjanna og stöðu kvenna innan samfélagsins sem sögurnar spretta úr. Dæmi um þess háttar frásagnarformúlu eru slægjurnar (e. *the slasher film*) en Carol Clover hefur gert samfélagsádeilunni sem býr í þeim góð skil.⁶⁰ Í *Kjötbænum* og *Húðlitri auðninni* er hins vegar ekki að finna slíka uppreisn kvenpersónanna gagnvart kvölurum sínum. Það dregur þó ekki úr samfélagsádeilu sagnanna heldur varpar ljósi á að ofbeldi gagnvart konum sé þrálátt ástand sem ekki hefur verið upprætt. Óbreytt staða kvenhetjanna milli bókana dregur jafnvel skýrar fram hve tregt samfélagið er til að breytast og hlúa að þeim sem þurfa á því að halda.⁶¹

⁵⁸ Kristín Eiríksdóttir, *Húðlit auðnin*, bls. 26–27.

⁵⁹ Hrollvekjurnar sem Kristín skapar í kringum konuna á heimilinu í *Kjötbænum* og *Húðlitri auðninni* má jafnframt setja í samhengi við skáldskap Svövu Jakobsdóttur þar sem húsmæður og helsti þeirra er ofarlega á baugi. Skýrasta dæmi um slíka hrollvekju eftir Svövu er „Saga handa börnum“ (1967) þar sem deilt er á stöðu kvenna á ritunartíma sögunnar. Kristín vinnur á nýstárlegan hátt með hefðina en hún hefur sjálf nefnt Svövu sem áhrifa-vald í sínum skrifum, sjá Maríu Lilju Þrastardóttur, „Búin að vera saman til æviloka“, *Fréttatíminn* 14.–16. desember 2012, bls. 52–54, hér bls. 52. Hjá Svövu beindist ádeilan að húsmóðurhlutverkinu en gagnrýnin hjá Kristínu tekur mið af breyttu samfélagi. Innlokun kvenpersóna hennar felur í sér aðra fjötra og í ljóðsögunum er heimilis- og kynbundið ofbeldi í brennidepli.

⁶⁰ Sjá, Carol J. Clover, *Men, Women and Chain Saws. Gender in the Modern Horror film*, London Princeton: University Press, 1992, bls. 21–64.

⁶¹ Ásdís Helga Óskarsdóttir greinir raunar uppreisnartón í ljóðabókinni *Kök* (2014) þar sem Kristín fjallar um kynferðisofbeldi líkt og í fyrri bókum sínum. Ásdís tengir þennan nýja hljóð femínískum straumum í samfélaginu sem áttu sér stað eftir að Kristín sendi frá sér

Gotneskt ferðalag ofan í kjallara

Í smásagnasafninu *Doris deyr*, er að finna sameiginleg þemu með ljóðsögnum. Þar má nefna einmanaleika, kynbundið ofbeldi og trúmu auk þess sem óhugnaður og ókennileg atriði, eins og ankannaleg heimili og tvífarar,⁶² eru áberandi.⁶³ Eins skírskota myndmál og tákni til fyrri ljóðabóka en sem dæmi má nefna að hringlaga fyrirbæri, eins og göng og holur, koma fyrir í sumum sagnanna. Það á til að mynda við um „Þrjár hurðir“ sem kallast á við *Kjötþæinn* en hún fjallar um aðra innilokaða konu sem heldur ofan í göng. Rétt eins og í ljóðsögunni má greina einkenni gotneskrar frásagnarhefðar í „Þremur hurðum“ og þar að auki setur súrrealisminn mark sitt á smásöguna.⁶⁴

Í sögunni segir frá auglýsingahönnuðinum Helgu sem lifir álíka hamingju-snaudu lífi og konurnar í *Kjötþænum* og *Húðlitri auðninni*. Það sem greinir hana þó frá þeim er að Helga er í mikilli forréttindastöðu og hefur í raun ekki yfir neinu að kvarta. Hún býr við allsnægtir í fallegu húsi í Vesturbænum en þó reynist heimilið henni óbærilegur staður. Eiginmaður hennar, Ægir, er farsæll í starfi sínu sem arkitekt og einstaklega umhyggjusamur og skapgóður en allt fer þetta óstjórnlega í taugarnar á Helgu sem nýtir hvert tækifæri til að „snapa fæting“,

Kjötþæinn og *Húðlita auðnina*, sjá Ásdísi Helgu Óskarsdóttur, „„leiðin er innávið og upp-ímóti““. Fjórða bylgja feminísmans og íslenskar kvennabókmenntir“, bls. 36.

⁶² Tvífaraminnið er gegnumgangandi í skáldskap Kristínar. Í titilsögu *Doris deyr* rifjar sögu- maður til að mynda upp kynni sín af Doris nokkurri sem nú er dáiin og segir: „Með tímanum gleymdi ég andlitinu á henni en mundi samt alltaf hvað sögunnar okkar voru einkennilega samhverfar. Næstum eins og við værum andlegir tvífarar sem fyrir húmor einhvers æðri máttar hefðu fengið að hittast.“ Kristín Eiríksdóttir, *Doris deyr*, Reykjavík: JPV útgáfa, 2010, bls. 74. Eins má túlka parið í *Kjötþænum* sem tvífara en nöfn þeirra, Kata og Kalvin, svipa hvort til annars. Sama er uppi á teningnum í skáldsögunni *Elín, ýmislegt* (2017) þar sem persónurnar Ellen og Elín koma fyrir. Þær eru annað dæmi um leik höfundar að líkum nöfnum og sjálf segir Kristín Ellen endurspegla eitthvað í sálarlífi Elínar jafnt og Kalvin í huga Kötú, sjá Guðrúnu Steinþórsdóttur og Helgu Jónsdóttur, „„Ef eitthvað eitt er lygi gæti allt verið lygi““. Viðtal við Kristínu Eiríksdóttur“, *Skáld.is*, 11. mars 2021, sótt 7. júlí 2024 af <https://skald.is/vidtol/32-ef-eitthvad-eitt-er-lygi-ga-eti-allt-verid-lygi-vidtal-vid-kristinu-eiriksdoottur>.

⁶³ Rúnar Helgi Vignisson hefur fjallað um óhugnað í sögunni „Staðsetja, útvega, flokka, raða og varðveita“ og Úlfhildur Dagsdóttir hefur bent á ókennileikann sem einkennir smásagnasafnið í heild, sjá Rúnar Helga Vignisson, „Smáfuglar fagrir: Staldráð við nokkrar smásögur frá liðnum árum“, *Spássían* 2: 4/2011, bls. 36–39, hér bls. 39 og Úlfhildi Dagsdóttur, „Doris deyr“, *Bókmenntavefurinn*, 2010, sótt 27. júní 2024 af <https://bokmenntir.is/bokmenntavefur/bokmenntaumfjollun/doris-deyr-0>.

⁶⁴ Úlfhildur Dagsdóttir hefur nefnt að súrrealískar tilraunir einkenni allar ljóðabækurnar sem Kristín sendi frá sér fyrir útgáfu *Doris deyr* og að fantasíuna og súrrealismann sé einnig að finna í „Þremur hurðum“, sjá Úlfhildi Dagsdóttur, „Doris deyr“.

eins og hún orðar það sjálf við sálfræðinginn sinn. Hún trúir sálfræðingnum líka fyrir því að fyrst og fremst finnist henni hjónabandið vera sársaukafullt.⁶⁵

Helga er haldin sjálfseyðingarhvöt sem nær sífellt sterkari tókum á henni eftir því sem líður á söguna. Rótina að óánægju hennar má helst rekja til einstaklingshyggju nútímans en gagnrýni á hana kemur endurtekið fyrir í sögunni. Eitt sumarkvöld kemur Ægir stoltur heim eftir að hafa fengið nýtt verkefni í vinnunni en það vekur innra með Helgu hugsanir um tilgangsleysi og firringu í nútímasamfélagi:

Arkitektastofunni – sem hann [Ægir] stofnaði sjálfur ásamt félagamönnum sínum stuttu eftir að hann lauk námi – gekk sífellt betur og upp á síðkastið hrúguðust verkefni á borðið til þeirra. Þeir höfðu stækkað við sig. Borgin þandist út, fyllti sveitirnar í kring og stundum fannst Helga eins og allir íbúarnir yrðu að vera arkitektar eða byggingameistarar til þess að anna eftirspurn. Eða auglýsingahönnuðir eins og hún sjálf og skreyta stillansana. (113)

Helga reynir að samgledjast eiginmanninum en biturleikinn brýst út þegar hún segir við hann:

Í alvörunni. Mig langar að tala við þig um þessa einstaklingshyggju sem þú ert svo hrifinn af. Ég var nefnilega að hugsa og held að þetta sé sú hugsjón sem muni verða mannkyni til tortímingar. Við sundrumst, teljum okkur öll vera einstök og þannig deyjum við að endingu út, úr einmanaleika. (114)

Sama kvöld fer Helga óvænt að heiman og skilar sér ekki aftur fyrir en daginn eftir en þá hafa orðið augljós umskipti á persónunni: „Hárið sem vanalega var snyrtilega uppsett var nú úfið og skítugt, þrútið andlitið ofarðað, líkamstjáníningin hörkuleg, og úr augum hennar, sem áður voru ráðvillt og döpur, mátti nú lesa agaða heift.“ (117) Eftir þessa dularfullu nótt segir Helga upp vinnunni sinni, fer frá Ægi og flytur inn til foreldra sinna. Í samtali við sálfræðinginn, eftir þessa breytingu, segist hún hafa séð fyrir sér þrjár hurðir sem táknuðu gleði, framþróun og glötun og að fyrir henni hafi valið verið einfalt, dyrnar sem sneru að glötun um alla eilífð, freistuðu hennar mest:

⁶⁵ Kristín Eiríksdóttir, *Doris deyr*, bls. 108. Eftirleiðis verður vísað til bókarinnar með blaðsíðutali í sviga.

Þegar ég sat á barnum og reyndi að ákveða hvað ég ætti að gera við líf mitt, þessa seigfljótandi klisju sem flytur mig áfram gegnum tímann, þá sá ég fyrir mér þrjár hurðir. Bak við eina þeirra er gleði, bak við aðra er andlegur þroski, framþróun. Bak við þá þriðju er glötun um alla eilífð. Að hrapa meðvitundarlaus í gegnum myrkrið eða álíka. Ég ímyndaði mér að ég mætti velja að ganga inn um einar af þessum dyrum. Og valið ætti að vera erfitt milli gleðinnar og þroskans, ekki satt? En mér fannst ekkert erfitt að velja. Dyrnar sem sneru að glötun um alla eilífð voru langmest freistandi. Tilhugsunin um hinar tvær ollu mér engu nema þreytu. (120)

Síðar í sögunni er upplýst um hvað gerðist þessa örlagaríku nótt. Á göngu sinni um hverfið sér Helga glitta í veru á róluvelli sem hún heldur fyrst að sé hundur. Þegar betur er að gáð sér hún að þetta er maður sem skriður um á olnbogunum:

Hann lyfti steinvölum og leit undir þær, lagði svo aftur á sinn stað. Fötin hans voru undarlega litlaus og gatslitin, hengu í lörfum utan á horuðum líkamanum. Hár hans var sítt og ógreitt, klepraðist í lokka og svo skítugt að erfitt var að sjá háralitinn. [...] Andlitið á honum var kunnuglegt. Augun stór og augnaráðið fljótandi, sjáöldin virtust flæða um tóftirnar. Munnurinn á honum var innfallinn og hakan lítil, rann einhvern veginn saman við hálsinn, og Helga varð ósjálfrátt döpur. (122)

Lýsingin er hrollvekjandi og setningin „andlitið á honum var kunnuglegt“ er hér lykilatriði í því að vekja ókennileikatilfinningu en klifað er á því í textanum að maðurinn sé í senn kunnuglegur og framandi. Helga segist til að mynda kannast svo við hann og þá svarar hann sár: „Þú þekkir mig ekki einu sinni?“ (123) Af einhverjum ástæðum dregst Helga að þessum manni, getur ekki sleppt af honum takinu og biður um að fá að fara með honum heim. Hann spyr hvort hún haldi að það sé ráðlegt en samþykkir svo með semingi. Þá er lesandinn dreginn inn í verulega ókennilega kjallaraíbúð:

Hurðin var ólæst. Maðurinn þurfti ekki nema að halla höfðinu utan í hana og þá opnaðist hún inn í dimmt fordyri, svo lágt til loftsins að Helga varð að ganga hokin.

Hvað er ég að gera? hugsaði hún skyndilega, eins og hún rankaði við sér þegar hún fann rakalyktina og hitann inni í þessari þröngu

og dimmu íbúð. Málningin bungaðist út á veggjunum og flagnaði af undir nöktum hitaveiturörum og allir fletir virtust þaktir sóti. Inn af fordyrinu var lítið herbergi, upp við einn vegginn var bæli og á gólfinu umbúðir af mat, ílát og bunki af blöðum.

Fáðu þér sæti, sagði maðurinn, lagðist sjálfur í bælið, hringaði sig þar og neri á sér auma olnbogana. (124–125)

Lýsingin á manninum kallast á við konuna í *Húðlitri auðninni* sem einnig var hundgerð og þessar þröngu, niðurgröfnu vistarverur minna um margt á híbýli dýra.

Með heimsókninni er unnið með gotnesk skáldskapareinkenni á nýstárlegan máta en í kjallaraíbúðinni opnast leið inn í nýjan og ókennilegan heim innan sögunnar. Guðni Elísson hefur bent á að gotnesk frásagnarlist hverfist um tvo táknræna og andstæða heima sem þó tengjast; annars vegar heim dagsins og hins vegar heim myrkurs og nætur. Í þeim síðarnefnda býr hið óþekkta og dulda og þar losnar um menningarlega og samfélagslega fjötra svo sögupersónur þurfa að horfast í augu við sitt innra sjálf. Líkt og áður sagði er húsið í gotneskum sögum gjarnan táknrænt fyrir mannshugann og jaðarsvæði, líkt og háaloft og kjallarar, geyma þar leyndarmál og hið ósegjanlega; það sem hefur verið bælt niður og ekki má draga fram í dagsljósið.⁶⁶ Maðurinn í kjallaranum verður þar með að persónugervingi dulvitundarinnar en hann grefur upp þær tilfinningar og langanir sem Helga hefur bælt niður og gerir hana meðvitaða um þær.⁶⁷ Hann lætur hana horfast í augu við sjálfseyðingarhvötina en í lokkandi orðræðu hans er gefið í skyn að hún þrái myrkið fram yfir dagsljósið:

Og segðu mér nú hvaða dyr þú ætlar að velja. Þér standa tvær til boða, önnur vísar út. Þú veist nákvæmlega hvað er á bak við hana, bak við hana er *úti*. Og þú þekkir nokkurn veginn það sem er þarna úti. Götuna hérna fyrir utan, húsin, garðana, trén og svalt loftið, júlínótt í Reykjavík. Heimili þitt er hérna rétt hjá. [...] Já, þú gætir gengið héðan út, staðið í sumarnóttinni og reynt að gleyma þessari heimsókn. Haldið áfram nákvæmlega eins og þú hefur alltaf gert. Hálfmeðvitundarlaus með óútskýranlegan verk í brjóstinu, kökk í hálsinum og

⁶⁶ Guðrún Steinþórsdóttir, „Sólmyrkvi af mannavöldum. Eftirmáli“, Steinunn Sigurðardóttir, *Sólskinshestur*, Reykjavík: Forlagið, 2023, bls. 189–205, hér bls. 196–197.

⁶⁷ Hér má jafnframt greina tengsl við útskýringu Freuds á ókennileikatilfinningunni sem hann segir kvikna þegar ómeðvitað þekking sem hefur verið bæld niður er dregin fram svo að hið framaní verður kunnuglegt, sjá Sigmund Freud, „Hið óhugnanlega“, bls. 219.

óljósá tilfinningu fyrir því að eitthvað sé alls ekki sem skyldi. Eða þú getur komið *inn*. (127–128)

Dyrnar tvær, sem vísa annars vegar *inn* og hins vegar *út*, tákna hér andstæða heima gotneskra sagna. *Úti* er heimur dagsins; hið bjarta og kunnuglega; gatan, húsin, garðarnir, trén og sumarnóttin en *inni* er heimur næturinnar, hið myrka, óþekkt og óhugnanlega. Heimsóknina til mannsins í kjallaranum, þar sem Helga kemst í tæri við næturheiminn, má auk þess setja í samhengi við ákveðin minni gotneskra sagna sem Guðni segir gegna mikilvægu hlutverki í persónusköpun slíkra sagna:

Þessi atriði eru almenn sviðsetning, minni sem tengjast ferðalögum og tvíförum (spégilmynd eða skuggavera) og hið yfirnáttúrulega. Í sviðsetningunni birtast heimarnir tveir, hinn ytri og innri, sá þekkti og leyndi, sem speglast og skarast á ýmsan hátt. Skólar, kirkjur og borgarstræti einkenna daglega heiminn en dýflyssur, neðanjarðargöng, húsa-sund og myrkir skógar tákna heim nætur. Ferðalag söguhetjunnar milli heimanna tveggja (sem má einnig túlka sem leið til skilnings) auðveldar lesandanum (og persónunni) að skilja hvernig báðir veruleikar móta reynsluheim einstaklinga.⁶⁸

Millistéttarheimili Helgu í Vesturbænum tilheyrir daglega heiminum í sögunni en kjallaraholan verður staðgengill dýflyssa og neðanjarðarganga gotneskra sagna. Í lok sögunnar birtast jafnframt eiginleg neðanjarðargöng sem, líkt og vikið hefur verið að, Helga endar leið sína ofan í. Með því að flakka á milli heimanna tveggja heldur persónan í gotneskt ferðalag og hún verður ekki söm eftir á. Þótt umbreyting Helgu sé óhugnanleg má líta á sögu hennar sem þroskasögu í anda gotneskra sagna. Guðni bendir á að eftir kynni sögupersóna af myrka heiminum í gotneskum frásögnum breytist lífsviðhorf þeirra; „einstaklingurinn snýr gjarnan aftur þangað sem ferðin hófst, en heimaslóðirnar eru orðnar aðrar vegna þess að veruleikasýnin og söguhetjan hafa breyst.“⁶⁹ Þegar Helga snýr aftur úr kjallaranum fara heimaslóðirnar enn meir í taugarnar á henni og hún ákveður að gera loks eitthvað í málunum; segir skilið við Ægi og vini sína með tilheyrandi matarboðum og menningarviðburðum, eða því sem hún lýsir sem „endalausri tilgerð.“ (119)

⁶⁸ Guðni Elísson, „Dauðinn á forsiðunni. *DV* og gotnesk heimssýn“, bls. 124.

⁶⁹ Sama heimild, bls. 125.

Með því að upplýsa Helgu um bældar tilfinningar hennar og þrjár á maðurinn í kjallaranum ríkan þátt í leið hennar til skilnings. Þau virðast við fyrstu sýn ekki eiga margt sameiginlegt en maðurinn gegnir í raun hlutverki tvífarar hennar sem skuggavera og spegilmynd í senn. Þegar inn er komið í kjallaraholuna heldur hann einræðu um eigin sjálfseyðingarhvöt en þegar á liður fer hann að nota „við“ í stað „ég“ og myndar þannig tengingu á milli sín og Helgu sem haldin er sömu hvöt. Í ljós kemur að hann veit eitt og annað um hana og hugsanir hennar og fram kemur að Helgu „[f]annst hann vera að troða sér inn á hana á einhvern óafsakanlegan hátt, eins og lyktin sem barst inn um nasir hennar við hvern andardrátt.“⁷⁰ (126)

Í umfjöllun sinni um ókennileikann fjallar Freud sérstaklega um tvíframinnið (þýs. *doppelgänger*). Þar vísar hann til skrifa Otto Ranks um efnið en Rank taldi að upphaflega hefði tvífarinn verið tilraun til að varðveita sjálfíð eftir dauðann. Sem dæmi tekur Freud menningu Forn-Egypta þar sem lík hinna látnu voru smurð og vafin inn í endingargott efni til að varðveita líkama og sjálf. Þar með varð múmían nokkurs konar tvífari eða tákmynd fyrir hinn látna. Freud telur þessa viðleitni Forn-Egypta til að varðveita einstaklinginn eða sjálf þeirra hafa sprottið af sjálfsást sem hann tengir fornu og „frumstæðu“ stigi mannsins. Freud segir að síðar hafi maðurinn þróast og merking tvífarans breyst í kjölfarið. Í stað þess að tákna ódauðleika og varðveita sjálf látinna einstaklinga hafi tvífarinn umbreyst í áminningu um dauðann. Tvífarinn, sem eitt sinn var kunnuglegur varð þar með að ókennilegum fyrirboða um dauðann.⁷¹ Tvífari Helgu, sem henni finnst vera að troðast inn í sig, hefur eignað sér hugsanir hennar og sjálfsmynd og mótið við hann setur líf hennar úr skorðum, líkt og hann spáir sjálfur fyrir um:

Rugla ég þig í ríminu? Nei, farðu þá frekar en að hugurinn þinn fari allur úr skorðum. Þú kemst ekki langt, losnar aldrei við mig, en Guð forði þér frá því að horfa á mig. Sían sem vinsar mig burt úr lífi þínu

⁷⁰ Helga og maðurinn í kjallaranum kallast á við tvíeyki úr skáldsögunni *Töl* eftir sama höfund. Þar segir frá kvikmyndagerðarkonunni Villu sem hittir óvænt gamlan félagan sem heitir því táknræna nafni Dimmi. Hann er jafnarsóna, dauðvona fíkill sem á að baki ofbeldisfulla og myrka sögu en þau Villa eiga sér sameiginlega fortíð frá unglingsár-unum. Villa ákveður að gera heimildarmynd um Dimma og þannig dregst hún inn í líf hans á ný. Óreiðukenndar vistarverur Dimma mynda hliðstæðu við kjallaran í „Þremur hurðum“ og lesa má för Villu þangað sem gotneskt ferðalag í anda þess sem Helga heldur í. Sem tvífari Villu er Dimmi jafnt skuggamynd hennar og spegill og endurfundirnir við hann setja líf hennar úr skorðum, sjá Kristínu Eiríksdóttur, *Töl*, Reykjavík: JPV útgáfa, 2022.

⁷¹ Sigmund Freud, „Hið óhugnanlega“, bls. 211–213.

hefði betur haldið sér, þessi glufa sem þú rannst gegnum í kvöld mun valda þér meiri sársauka en svo að það að sjá mig sé þess virði. Sían er mikilvæg, verndar okkur frá því sem við eigum ekki að vita. (126)

Ferðalag eða þroskasaga Helgu leiðir hana til glötunar og greina má hinn ókennilega tvífarar sem fyrirboða um þau endalok sem bíða hennar. Eftir að hafa staðið andspænis honum nær sjálfseyðingarhvötin fullum tókum á Helgu og að endingu skríður hún gegnum fyrrnefnd göng ofan í jörðina þar sem óvænt leynast mannabústaðir. Hún endar í sal þar sem fjöldi fólks sefur, margir saman í rúmi og þar sofnar hún sjálf, að því er virðist, svefninum langa:

Helga lagðist til fóta hjá börnunum, fann ylinn frá líkómum þeirra og tók eftir að hávaðinn var horfinn úr höfðinu, að í staðinn heyrði hún andardrátt milljóna manna en greindi ekki lengur sinn eigin. (137)

Endalok hins gotneska ferðalags eru þó tvíbent og segja má að mótið við ókennilegan tvífarann feli ekki aðeins í sér glötun Helgu og dauða heldur uppljómun í senn. Í greiningu sinni á súrrealískum ljóðum Sjóns, fjallar Guðni Elísson um hlutverk þess sem hann nefnir „svipi“ eða vofur. Svipirnir eru ógnvekjandi en gegna því hlutverki að framkalla hugljómun; að frelsa einstaklinginn úr fjötrum hins vanabundna sem kallast á við markmið súrrealismans almennt:

Svipurinn vekur þann sem stendur andspænis honum af svefni vanans og þótt hann eigi sér ekki alltaf undursamlegar skýringar upplifum við þversagnakenndar geðshræringar við að sjá hann og þær verða illa skýrðar með kenningum.⁷²

Líta má á skuggaveruna í kjallaranum sem svip af þessu tagi sem að vissu leyti frelsar Helgu úr fjötrum hins vanabundna. Sjálfseyðingarhvöt hennar er nefnilega tvíþætt því þótt hún leiði Helgu til glötunar frelsar hún hana einnig úr „þessari seigfljótandi klisju sem flytur [hana] áfram gegnum tímann.“ (120)

⁷² Guðni Elísson, „Við ysta myrkur: Forboðnir listar í ljóðum eftir Sjón“, bls. 68.

Að lokum

Hugljómunina sem Helga verður fyrir má jafnframt yfirfæra á lesandann. Kristín segist hafa „þörf fyrir að taka einhver atriði sem fólk vill hafa á hreinu og eyðileggja það fyrir því. Ég hef þörf fyrir að jagast í raunveruleikanum og gera hann framandlegan.“⁷³ Þarna lýsir hún sjálfri sér sem eins konar merkingarskemmdarvargi í anda mannsins í kjallaranum, skáldi sem eyðileggur viðtekinn skilning og opnar augu lesandans. Jafnt í „Þremur hurðum“ og *Kjötbænum* er óhugnaði og súrrealisma beitt til að deila á samfélagið og vekja lesandann til umhugsunar en hrollvekján á það sameiginlegt með súrrealisma að ögra mörkum veruleikans og viðteknum skilningi.⁷⁴ Í gotneskum skáldskap er löng hefð fyrir því að deila á samfélagið og stöðu kvenna innan þess og þar gegna ókennileg heimili og rými lykilhlutverki rétt eins og í sögunum tveimur sem hér voru til umræðu. Í *Kjötbænum* verður blokkaribúðin óhugnanlega táknræn fyrir niðurbrot söguhetjunnar sem og dulið ofbeldið innan veggja heimilisins. Þar að auki stendur kjóthúsið, sem lokkar Kötunni til sín, fyrir hugarheim hennar og þau áföll sem ásækja hana.

Innilokun Helgu, sem á yfirborðinu virðist ganga allt í haginn, er af öðrum meiði. Millistéttarlífið er seigfljótandi klisja sem hún svamlar hálfmeðvitundarlaus í og velgengni eiginmannsins er áminning um þá einstaklingshyggju og firringu sem einkenna síðkapítalísk samfélög nútímans. Í „Þremur hurðum“ er það kjallaraholan sem verður táknræn fyrir huga Helgu en þegar hún stígur inn fyrir kjallaraþröskuldinn opnast dyr inn í nýjan heim innan sögunnar; heim myrkurs og nætur þar sem bældar tilfinningar og þrjár persónunnar afhjúpast. Opið eða göngin sem leiða Helgu niður í jörðina í lok sögunnar skírskota til líkamlegs myndmáls *Kjötbæjarins* og *Húðlitrar auðnarinnar*. Í báðum tilvikum eru göngin flóttaleið persónanna úr óbærilegum aðstæðum en að sama skapi virðist áfangastaður ferðalaga bæði Helgu og Kötunni vera dauðinn. Ólíkt ýmsum öðrum hrollvekjum þar sem konurnar gera uppreisn gegn kvölurum sínum eiga sögupersónur Kristínar í raun enga undankomuleið úr aðstæðum sínum. Sú staðreynd undirstrikar mögulega hversu djúpstæð og þrálát vandamálin, sem deilt er á í sögunum, eru. Samfélagsgagnrýnin sem býr í *Kjötbænum* og „Þremur hurðum“ er ekki boðandi en óhugnaðurinn sem þar er að finna gegnir því hlutverki að varpa ljósi á bresti í samfélagsgerð nútímans og vekja lesandann af svefni vanans.

⁷³ Haukur Ingvarsson, „Ég hef þörf fyrir að jagast í raunveruleikanum...“, bls. 98.

⁷⁴ Guðni Elísson, „Dauðinn á forsiðunni. DV og gotnesk heimssýn“, bls. 123–125.

ÚTDRÁTTUR

Ljóðsagan *Kjötberinn* (2004) er fyrsta bókin sem Kristín Eiríksdóttir sendi frá sér en þar er á ferð óvenjuleg hrollvekja. Sögusviðið er ókennileg íbúð þar sem veggir lifna við og hræðilegar verur skjóta upp kollinum. Þrátt fyrir óhugnaðinn innan veggja heimilisins neitar söguhetjan, Kata, að yfirgefa íbúðina þar til enn hryllilegra hús kallar á hana, sjálfur Kjötberinn sem byggður er úr holdi og beinum. Ýmis þemu sem greina má í ljóðabókinni eru gegnumgangandi í höfundarverki Kristínar. Þar má nefna ógn og ótta sem og einkennileg hífli sem reynast íbúunum óþægilegir staðir. Meginumfjöllunar-efni greinarinnar eru *Kjötberinn* og smásagan „Þrjár hurðir“ sem birtist í smásagnasafni *Donis deyr* (2010). Sögurnar eiga það sammerkt að segja frá innilokuðum konum og ókennilegum rýmum auk þess sem aðalpersónur þeirra enda báðar ofan í hrollvekjandi göngum og hljóta þar með sambærileg örlög. Fjallað er um óhugnaðinn í verkunum og áhersla lögð á frásagnareinkenni hryllingsbókmennta, ekki síst arfleifð hinnar gotnesku hefðar sem nútímahrollvekjur eiga rætur sínar að rekja til. Hin ókennilegu rými, sem sum svípa til reimleikahúsa, eru heimsótt og því haldið fram að þau varpi ljósi á hugar-ástand persónanna. Þá verður vikið að samfélagsádeilu verkanna sem miðlað er með súrrealisma og óhugnaði í senn.

Lykilorð: Kristín Eiríksdóttir, *Kjötberinn*, „Þrjár hurðir“, hrollvekja, súrrealismi, heimilis-
ofbeldi

Abstract

**Living Walls and Dwellings Beneath the Earth's Surface
On Uncanny Spaces and Confined Women in Kristín Eiríksdóttir's writings**

Kristín Eiríksdóttir's debut work, *Kjötþæringin* (c. *Meat Town*) (2004) is a book of poetry and an unusual horror story. The setting is an uncanny apartment where the walls come to life and terrifying creatures appear. Despite the horrors, the protagonist, Kata, refuses to leave her apartment until she is lured into an even more gruesome house: a house built of flesh and bones which the title refers to. Several themes present in the book recur throughout Kristín's body of work, including fear, dread, and peculiar homes which are unsettling places for their inhabitants. The main topics of this article are *Kjötþæringin* and the short story "Þrjár hurðir" (c. "Three Doors"), which appears in the collection *Doris deyri* (c. *Doris Dies*) (2010). Both works evolve around confined women and depict various uncanny spaces. They also have comparable endings since both protagonists end up in eerie tunnels, meeting similar grim fates. The article explores the horror in these stories, focusing on the characteristics of horror literature, particularly the legacy of the Gothic novel, which modern horror draws upon. The uncanny spaces, which some resemble the haunted houses in literature and movies, are visited and read as reflections of the characters' minds and psychological states. Finally, the social critique embedded in the works and mediated through horror and surrealism, is addressed.

Keywords: Kristín Eiríksdóttir, *Kjötþæringin* (Meat Town), "Þrjár hurðir"/"Three doors", horror, surrealism, domestic violence

HELGA JÓNSDÓTTIR

Aðjunkt í íslensku sem öðru máli

Íslensku- og menningardeild

Háskóli Íslands

helgajons@hi.is

